

Kópavogi 15.10.2025

Gert er ráð fyrir að brúin „Alda“ frá Kársnesi til Reykjavíkur verði tilbúin árið 2028. Við það er alveg ljóst að umferð á um göngu- og hjólastíg á sunnanverðu Kársnesi mun aukast verulega. Þessi leið er einhver sú fegursta á höfuðborgarsvæðinu og mikilvægt að vel takist til um hönnun stígsins.

Í framhaldi af erindi mínu sem tekin var fyrir í skipulagsráði þann 7. júlí 2025 vil ég leggja fram eftirfarandi fyrirspurn:

- 1 Hver er staðan á endanlegri hönnun á göngu- og hjólastíg á sunnanverðu Kársnesi?
- 2 Ljóst er að garðar á lóðum við Sunnubraut ná talsvert út fyrir lóðamörkin. Hefur farið fram samtal við íbúa og lóðareigendur um framtíðarhönnun fyrir þennan göngu- og hjólastíg?

Skriflegt svar óskast

Virðingarfyllt,

Hákon Gunnarsson
Fulltrúi í skipulags- og umhverfisráði Kópavogs

